



Útileguleikir Barnaheilla

ÚTI AÐ LEIKA MEÐ BLÆ



MINNISSPIL UM NÁTTÚRUNA

Aldur: 3-8 ár

Efniviður

Keilur, fötur, box eða önnur ílát sem hægt er að hvolfa.

Undirbúningur

Börnin fá það verkefni að finna ákveðinn fjölda hluta í náttúrunni, tvo af hverju, til dæmis tvo greniköngla, tvo hvíta steina, tvo hraunmola eða tvo fífla. Einn hlutur er svo settur undir hvert ílát. Það ræðst af aldri barnanna hve mörg hlutapör eru notuð í leiknum.

Leikur

Börnin eru tvö og tvö saman og skiptast á að lyfta ílátunum og finna tvo eins hluti. Hægt er að hafa margs konar tilbrigði, til dæmis að börnin sem finna samstæða hluti mega taka þá og svo tekur næsta þar við og haldið er áfram þar til búið er að finna allar samstæðurnar. Gott er að láta hvert þar einungis finna eina samstæðu, svo að öll þörin finni einhverja samstæðu. Þegar leiknum er lokið er mikilvægt að ganga vel frá svæðinu og jafnvel að fara aftur með hlutina á þá staði, þar sem þeir voru teknir, nú eða geyma þá þar til farið er í leikinn næst. Allt fer það eftir því hvers konar hluti var verið að nota og hver var leikvangurinn.



FINNUM OG FÖÐMUM TRÉ

Aldur: 5-8 ára

Efniviður

Buff, treflar eða klútar til að setja fyrir augu.

Leikur

Börnin mynda hring í skógarjóðri. Foreldri velur eitt barn, bindur fyrir augun á því og leiðir það að einhverju tré. Barnið þreifur á trénu og reynir að leggja áferð þess og lögun á minnið. Foreldri aðstoðar barnið og leiðbeinir eftir þörfum. Foreldri leiðir svo barnið í burtu, tekur frá augum þess og biður barnið að finna tréð aftur. Hin börnin hjálpa með því að segja heitur eða kaldur eftir því hvort barnið nálgast eða fjarlægist tréð. Þegar barnið hefur fundið tréð er annað barn valið.

Tilbrigði

- Tvö og tvö börn saman, þar sem annað er með bundið fyrir augun og hitt leiðir það að tré til að þreyfa á.

Hafið í huga

Sumum börnum gæti þótt óþægilegt að bundið sé fyrir augu þeirra eða að faðma og þreifa á áferð trjáa og það þarf að virða.



HRJÚFUR, MJÚKUR OG HARÐUR

Aldur: 5-8 ára

Efniviður

Nokkrir hlutir úr náttúrunni, svo sem gras, trjábörkur, steinn, köngull og karfa eða fata.

Undirbúningur

Foreldri finnur hluti úr náttúrunni með margs konar áferð og setur í körfu, fötu eða annað stórt ílát. Hlutirnir mega ekki sjást. Einnig er hægt að láta börnin, tvö og tvö saman, finna hluti og setja í körfuna.

Leikur

Börnin setjast í hring. Foreldri velur eitt barn. Barnið fer með hönd sína ofan í körfuna og þreifar á einum hlut og segir hvernig áferð hlutarins er; mjúkur, hrjúfur, harður. Hin börnin geta hvaða hlutur þetta er.

Tilbrigði

- Börnunum er sagt að fara tvö og tvö og finna harðan hlut og koma með í körfuna, svo að fara og finna mjúkan hlut og svo framvegis, eftir stað og efnivið á hverjum stað. Svo er sest í hring og hlutirnir skoðaðir og rætt um þá.



HVAÐAN KEMUR VINDURINN?

Aldur: 4-6 ára

Efniviður

Flugdrekar, plastpokar og spottar, eða jafnvel bara úlpurnar sem börnin klæðast.

Leikur

Þegar hvasst er getur verið gaman að nýta sér vindinn í leik. Safnast er saman á auðu svæði. Börnin eru með úlpur sínar niður renndar, halda í sitt hvern endann fyrir ofan höfuð. Svo hlaupa þau um og reyna að finna hvaðan vindurinn kemur. Ef notaðir eru pokar eða flugdrekar eru börnin tvö og tvö.



HVAR BÚA DÝRIN?

Aldur: 4-8 ára

Efniviður

Myndir með dýrum, eða nöfn á dýrum skrifuð á blað.

Undirbúningur

Gott er að finna svæði þar sem umhverfið og landslag er fjölbreytt, holt hæðir, grjót og lautir.

Leikur

Börnin eru pöruð tvö og tvö og eiga að vera dýr, sem velja sér bústað eða heimili. Eitt par í einu er látið draga miða með myndum af dýrum eða nöfnum eftir aldri barnanna og ganga svo saman um svæðið og velja stað þar sem dýrið á að eiga heima og stöðva þar. Hin börnin mynda hálfhring utan um parið. Parið gefur lýsingu á dýrinu sínu og segja af hverju það á heima þarna, svo sem að það sé lítið og þurfi holu, að það sitji á trjágrein eða annað. Hin börnin eiga að finna út hvaða dýr þau eru.

Tilbrigði

- Börnin spyrja parið spurninga sem einungis má svara með já eða nei. Þetta á einkum við um eldri börnin.

DRULLUMALL

Aldur: 5-8 ára

Efniviður

Sandur eða mold, laufblöð, steinvölur, blóm eða annað sem til fellur. Leiksvæðið getur verið fjara, sandkassi moldarbarð eða annar staður þar sem sandur er eða mold.

Leikur

Það er góð skemmtun að búa til kökur, listaverk eða byggja hús úr sandi eða mold og tilvalið sem samvinnuverkefni barna. Börnunum er skipt í litla hópa og þau eiga að koma sér saman um hvað á að búa til og skipta með sér verkum, svo sem hver á að ná í vatn, hnoða, moka, finna skraut eða annað. Þegar verkunum er lokið eiga hóparnir að skoða hver hjá öðrum og segja eitthvað fallett um verk hinna.

FLJÓTA OG SÖKKVA

Aldur: 3-6 ára

Efniviður

Nokkrir litlir misþungir hlutir, til dæmis grjót, legókubbur, plastbox, skrúfa.

Leikur

Þennan leik er gaman að leika í rigningu eða þegar pollar hafa myndast á skólalóðinni. Þó þarf að gæta að því að pollar séu ekki djúpir, þar sem það getur verið varhugavert.

Foreldri parar börnin saman tvö og tvö og lætur hvert par frá hlut. Eitt par í einu ýtir hlutnum niður í poll og sleppir svo og athugar hvort hann flýtur eða sekkur. Hin börnin fylgjast með. Nýtt par er valið.

Tilbrigði

- Barnahópurinn ályktar hvort hluturinn fljóti eða sökkvi, áður en hlutnum er ýtt niður í pollinn. Hvernig hlutir fljóta og hvernig hlutir sökkva? Hvað eiga þeir sameiginlegt?

ÖNNUR VERKEFNI Í ÚTIVIST

Það er fjölmargt sem barnahópur getur upplifað í sameiningu í útivistartímum.

- Búa til stafrófið eða skrifa nafn sitt með efnivið úr náttúrunni.
- Raða greinum, prikum, steinum eða áþekku í raðir eftir stærð (lengd, þykkt).
- Ganga saman tvö og tvö með teygju um fæturna.
- Ganga saman tvö og tvö þar sem annað hefur bundið fyrir augun (A). Börnin skiptast á um að leiða hvort annað áfram. Annar möguleiki: Þriðja barnið (C) felur sig í nágrenninu. A á að finna C sem vísar á sig með því að gefa frá sér hljóð. B sér svo um að A rekist ekki á neitt.
- Búa til hella/holur eða brú yfir skurð.
- Fara í skoðunarferð í náttúrunni. Börnunum er skipt í minni hópa og foreldri fylgir hverjum hópi.



ÁHUGAVERÐAR VEFSÍÐUR OG ÍTAREFNI

Barnaheill

<http://www.barnaheill.is>

Grænfáninn - verkfærakista:

<http://graenfaninn.landvernd.is/>

Námsefni á vefsíðu Menntamálastofnunar:

<https://mms.is/>

Lesið í skógin - verkefnabanki:

<http://www.skogur.is/utgafa-og-fraedsla/lesid-i-skoginn/>

Leikjavefurinn - leikjabanki:

<http://leikjavefurinn.is/>

Fri for mobberi: <http://www.friformobberi.dk/>

<http://www.barnaheill.is/vinatta/>

